

Nd.

491. Nefndarálit

[186. mál]

um frv. til 1. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta mun, ef að lögum verður, gera eina veigamestu breytingu á islenzkum skólamálum, sem orðið hefur. Það færir kennaramenntun á háskólastig og mun leiða til þess, að í framtíðinni hafi allir islenzkir kennarar að minnsta kosti þriggja ára háskólanám að baki.

Ljóst er, að eftir fá ár muni 25—30% hvers árgangs þjóðarinnar ljúka stúdentsprófi eða jafngildi þess. Verður varla um deilt, að kennarastéttin eigi að verða úr þeim þriðjungi, en ekki minna menntuð. Kennsla yngstu nemenda er ekki síður mikilvæg sérgrein en margt það, sem kenna þarf á síðari námsárum.

Ýtarlegar umræður um þá spurningu, hvort kennaraháskóli skuli vera sjálfstæð stofnun eða deild í Háskóla Íslands, hafa leitt nefndina til að fallast á þá skipan, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að skólinn verði sjálfstæður og byggi á þeim grunni og þeirri hefð, sem Kennaraskóli Íslands hefur skapað í löngu og farsælu starfi. Hins vegar er ljóst, að samstarf háskólanna verður að vera einlægt og náð.

Spurt hefur verið, hvort flutningur kennaranáms á háskólastig muni ekki auka erfiðleika dreifbýlis við að fá kennara til starfa. Ekki er hægt að halda niðri menntunarkröfum til neinnar stéttar í þeirri von, að það dragi fólk til hinna strjálbýlli héraða, og ekki má ætla þeim héruðum minni hlut en öðrum, hvað snertir menntun. Vanda þeirra verður að leysa á öðru sviði, hvað snertir kennara ekki síður en lækna og aðra sérlerða menn.

Ekki er unnt að sjá fyrir eða leysa öll vandamál, sem fram muni koma við breytingu kennaranámsins. Svo er til dæmis um ýmsa sérkennslu, til dæmis í handavinnu, íþróttum eða tónlist. Þó leggur nefndin til breytingu við 1. gr., sem ætti að léttla lausn þess máls.

Þá skapast ýmis vandamál varðandi þá nemendur, sem þegar stunda kennaranám samkvæmt gildandi lögum. Verður að leggja áherzlu á að gefa þeim kost á öllu því, sem innganga í Kennaraskóla Íslands veitti þeim fyrirheit um, svo og að gefa öllum kennurum með próf eftir eldri lögum tækifæri til að bæta við námi og taka próf eftir hinum nýju. Hefur nefndin flutt nokkrar breytingartillögur, sem eiga að tryggja þetta eftir föngum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þjálfun í starfi í tvö ár, eftir að háskólanum lýkur, og embættisprófi þar á eftir. Nefndin leggur til, að nýjum kennurum verði veitt þjálfun og leiðsögn í eitt ár án frekari kröfu um próf.

Í frv. er kafli um rannsóknarstofnun uppeldismála, sem báðir háskólarnir standi að. Verður þá að fella niður ákvæði í háskólalögum um slíka rannsóknarstofnun, en þau hafa enn ekki komið til framkvæmda. Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins er ekki rannsóknarstofnun í sama skilningi, heldur nauðsynlegur þáttur í starfi ráðuneytisins við öflun upplýsinga, tillögugerð og framkvæmd nýjunga.

Nefndin gerir nokkrar fleiri brtt. á þskj. 492, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Menntamálanefnd hefur fjallað ýtarlega um frv. þetta, leitað umsagnar fjölda aðila, rætt við höfunda frumvarpsins, fulltrúa kennaranema og fleiri aðila og aflað sér ýmissa frekari gagna.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem hún gerir tillögu um á þskj. 492. Einstakir nefndarmenn hafa fyrirvara um afstöðu til frekari breytingartillagna, er fram kunna að koma.

Alþingi, 11. marz 1971.

Benedikt Gröndal,
form., frsm.

Magnús Kjartansson,
með fyrirvara.

Bjartmar Guðmundsson,
fundaskr., með fyrirvara.

Eysteinn Jónsson.

Gunnar Gislason.

Sigurvin Einarsson.

Birgir Kjaran.